

Alþingi.
Samgöngu og umhverfisnefnd
sent á rafrænt á nefndasvid@althingi.is

Ísafirði 10. janúar 2020

Efni; umsögn þingsályktun um Samgönguáætlun 2020-2024, mál 434, 150. löggjafarþing.

Umsögn þessi byggir á ályktinum 4. haustþing Fjórðungssambands Vestfirðinga sem haldið á Hólmavík þann 25. og 26. október 2019.

- Ályktun um samgöngumál
 - Vegaáætlun
 - Hafnarmál
 - Flugmál
 - Almenningsamgöngur
 - Vegaþjónusta
 - Gjaldtaka
 - Hringvegur 2 [um Vestfirði]
- Ályktun um uppfærða heildaráætlun í jarðgangagerð á Vestfjörðum
- Ályktun um vegaf framkvæmdir í Árneshreppi

Byggðþróun, atvinnuþróun og samgönguframkvæmdir

Vilji stjórnvalda til eflingar byggða um land allt liggur fyrir að hálfu Alþingis með byggðaáætlun og í ríkisstjórnarsáttmála. En til að bregðast við langvarandi neikvæðri byggðaðróun þarf mikið átak til. Stjórnvöld hafa beitt sér með sértækum aðgerðum á síðustu áratugum með því að stuðla að uppbyggingu stóriðju og hafa beitt öðrum áætlunum s.s. samgönguáætlun til að styðja við slík verkefni.

Horft til Vestfjarða í heild þá hefur landshlutinn um rúmlega 30 ára skeið, glímt við samdrátt í efnahagslífi og samhliða stöðuga fækkun íbúa, auk áfalla vegna náttúruhamfara. Fækkun íbúa eftir sveitarfélögum er á bilinu 25 – 45 % og aldursamsetning breyst verulega til hins verra.

Sértæk inngríp stjórnvalda hafa vissulega komið til á Vestfjörðum í gegnum árin til að mæta þessum vanda, en ekki af því afli sem stóriðjuverkefni hafa fengið og því ekki skilað eins miklum árangri og vætningar stóðu til. Telja verður nú þegar ný sóknarfæri hafa komið fram að landshlutinn fái leiðréttingu sinna mála, en samt með minni beinum inngrípum og verið hafa .

Hér er vísað til að á síðustu fimm árum hefur loks hægt á neikvæðri byggðaðróun á Vestfjörðum. Þannig er orðin viðsnúningur á sunnanverðum Vestfjörðum og verulegur bati á norðanverðum Vestfjörðum og Reykhólahreppi. Þáttur fiskeldis í þessari breytingu er þar einna stærstur en ferðaþjónusta, sjávarútvegur og iðnaður koma þar á eftir. Á Ströndum er hinsvegar

áframhaldandi neikvæða þróun. Samdráttur í sauðfjárbúskap hefur þar veruleg áhrif til hins verra auk erfiðleika í sjávarútvegi.

Uppbygging fiskeldis og ferðaþjónustu eru því megináhrifaþáttur í jákvæðri þróun samfélaga á Vestfjörðum. Hvað varðar fiskeldi þá er áætlað að slátrað hafi verið um 12.500 t af lax og regnbogasilungi á árinu 2019 og áætlað að það verði um 18.000 t á árinu 2020.

Framleiðsluverðmæti fyrir landið í heild er áætlað um 25 milljarðar og má áætla að rúmur helmingur sé á Vestfjörðum. Meginþungi þessara framleiðslu hefur verið bundinn við Bíldudal með stórauðni álagi þungaflutninga á vegakerfi og höfn.

Það eru samt svo að vísbendingar eru um að þróunin fari að hökta á Vestfjörðum, sökum þess að hlutar stofnvegakerfisins, sem eru með óbundnu slitlagi, eru orðnir flöskuhálsar og geta í engu mætt þeim kröfum sem atvinnulífið og samfélagið setja í dag. Samgönguáætlun verður að taka mið af þessari stöðu og hér verður að setja aukið fjármagn þannig ljúka megi nauðsynlegustu vegafarmkvæmdum á fyrsta tímabili áætlunarinnar. Með þeim hætti ná stjórnvöld að sinna þörfum nýrra atvinnugreina og um leið ná að festa í sessi jákvæða byggðþróun án annarra beinna inngripa.

Í byggðaðróun á Íslandi hefur varla gefist annað eins tækifæri til vaxtar á einu svæði og væri hörmulegt að fara glutra því niður, vegna skammsýni í fjárveitingum. Verður kynnt hér síðar í þessari umsögn tillaga um Atvinnuþróun og samgöngur. Um leið þarf að gæta að svæði sem er í vörn og ná að snúa þeirri vörn í sókn og verður hér síðar í umsögn kynnt tillaga Byggðaðróun og samgöngur.

En aftur að stöðu samgönguverkefna, það ber einnig að horfa til þess að staða þess hluta vegakerfisins á Vestfjörðum sem er 40 til 60 ára gamall, er afleiðing af uppsöfnuðum vanda aðgerðaleyfi í viðhaldi vega á Vestfjörðum og kaos í skipulagsmálum. Landshlutinn á hér inni fjármagn og vissulega rífur í að laga slíkt ástand á skömmum tíma, en sá sársauki dvínar hratt með hraðari innkomu á tekjum til ríkissjóðs af nýjum atvinnugreinum vegna aukins hagræðis í rekstri þeirra.

Stjórnvöld eru þá einnig að veita Vestfjörðum þann stuðning sem væri í takt við aðra landshluta á síðustu áratugum. Eins mætti við umfjöllun og afgreiðslu Alþingis á samgönguáætlun að tengja aðgerðir í samgöngumálum á Vestfjörðum, við væntanlegar tillögur nýlegs átakshóps ríkisstjórnar sem stofnaður var í kjölfar óveðurs nú í desember s.l.. En hlutverk átakshópsins er að koma með tillögur um eflingu innviða í flutnings- og dreifikerfi raforku, fjarskiptum, samgöngum og byggðamálum til skemmri og lengri tíma.

Hér er gert grein fyrir helstu tillögum Fjórðungssambandsins á samgönguáætlun 2020-2024

Í tillögu að samgönguáætlun er gert ráð fyrir fjármagni 19.350 mkr til verkefna á Vestfjörðum á fyrsta og öðru tímabili samgönguáætlunar. Því er lýst hér að framan að flýta verði verkefnum sem kallar á aukin fjárframlög í heild og í umræðu á 4. Haustþingi FV í lok október, kom skýrt

fram að hálfu samgönguráðherra að aukning á fjármagni á fyrsta tímabili væri því sem næst útilokuð.

Fjórðungssambandið telur að vinna megi með þennan fjárhagsramma en um leið geta flýtt verkefnum. Vill sambandið benda á að verkefnin eru aðskilin og reynslan hefur sýnt að fjármagn hefur frosið inni, m.a. vegna deilna um umhverfismál. Fjármagn hefur því verið til reiðu en ekki hægt að nýta það og ekki horft til heildaráhrifa á vegakerfi á Vestfjörðum sem slík bið veldur. Fjórðungssambandið vill gera tillögu um breytingu á þessari nálgun

Atvinnubrúun og samgöngumál - Flýting Bíldudalsvegur.

Fjórðungssamband Vestfirðinga gerir hér tillögu til um þær 18.100 mkr sem veittar eru til Vestfjarðavegar í Gufudalssveit (7.200 mkr), Vestfjarðavegar um Dynjandisheiði (5.800 mkr) og Bíldudalsveg (4.800 mkr). verði veitt í heild sinni til þessara þriggja verkefna og þau unnin á tímabilinu 2020 – 2025. Á fyrri hluta þessa tímabils verði áhersla á framkvæmdir sem hér segir; **vegur um Gufudalsveit, Bíldudalsvegur**, vegkaflar á Dynjandisheið **frá Mjólka í Arnarfirði** að t.d. að **Botnshesti uppaf Geirþjófsfirði** eða að „**Dynjandistjörn**“ uppaf Dynjandisvogi og síðan vegur frá **vegamótum Bíldudalsvegur og Vestfjarðavegar 60 í Helluskarði** eftir atvikum að **Tröllahálsi í Pennudal** eða alla leið að **Hörgsnesi í Vatnsfirði**.

Með þessari tillögu ætti að vera mögulegt að flýta framkvæmd á Bíldudalsvegi og tengja hann við Vestfjarðaveg 60 að Hörgsnesi í Vatnsfirði og létta á þungaflutningum um Hálfván og Mikladal. En vegir um Hálfván, um Tálknafjörð og Mikladal geta ekki mætt stórauknum þungaflutningum vegna atvinnuuppbygging á Bíldudal í fiskeldi og vinnslu kalkþórungs. Eykur þetta að óþörfu vankvæði í skipulagi og rekstur fiskeldis og auka kostnað fyrirtækja við flutning afurða og aðfanga til reksturs. Hagkvæmt er því að létta álagi á þessum vegum með endurbótum á Bíldudalsvegi auk þess sem öryggi vegfarenda eykst verulega.

Þetta yrði gert með því að færa fjármagn af Dynjandisheiði og þá m.a. vegna hugsanlegra tafa á afgreiðslu umhverfismats og útgáfu framkvæmdaleyfa. Reynsla kemst einnig á tímabilinu þá á rekstur vegar um Dynjandisheiði miðað við heilsársumferð, sem hæfist 2020 með opnun Dýrafjarðargangna. Fjármagn verður þá ekki heldur bundið við framkvæmd á Vestfjarðavegi 60 í Gufudalssveit ef ófyriréðar tafir verði enn á þeirri framkvæmd, en þar hefur fjármagn verið bundið í síðustu 10 ár án þess geta nýst í aðrar framkvæmdir á Vestfjörðum.

Að lokum má leið líkum að því að með samhliða útboði á vegagerð um Dynjandisheiði og Bíldudalsvegi gefst færi á að nýta hagræði af því að skipta vinnu eftir árstíðum en framkvæmdum á Dynjandisheiði þarf að fresta yfir vetrartímann.

Byggðaaðgerð á Ströndum, Hringvegur 2 og samgöngumál.

Samkvæmt tillögu samgönguáætlunar verða lagðar 1.050 mkr í Veiðileysuháls og Innstrandaveg með 300 mkr framkvæmd undir lok fyrsta tímabils og 750 mkr framkvæmd á öðru tímabili.

Vegna bráðs byggðavanda er lagt til að þessu fjármagni verði veitt á fyrsta tímabil og fjármagn komi þar inn.

Aðgerðaleysi stjórnvalda varðandi Árneshrepp á síðustu áratugum, með ítrekuðum frestunum á samgönguverkefnum, hafa haft bein áhrif á fækkun íbúa og fækkun sauðfjárbúa í sveitarfélaginu. Er svo komið að heilsárþúseta í sveitarfélaginu er í bráðri hættu.

Endurbætur á Innstrandavegi. Um er að ræða 5 km kafla með óbundnu slitlagi sem slítur í sundur vegkafla með slitlagi sem þjóna íbúum Strandabyggða að sækja þjónustu til Hólmavíkur, en um 18 ár eru síðan Kirkjubólshreppur og Hólmavíkurhreppur sameinuðust og 14 ár að Broddaneshreppur sameinaðist þessum sveitarfélögum í Strandabyggð. Hér er einnig um að ræða stofnveg í þjóðvegakerfi landsins.

Vegaþjónusta.

- Vetrarþjónusta á grundvelli G – reglu snjómoksturs, verði aflögð á Vestfjörðum á árinu 2020.
- Mokstri á Strandavegi norður í Árneshreppi norðan Bjarnarfjarðar verði að lágmarki tvisvar í viku. Mokstur um Bjarnarfjarðarháls sem er nýr og uppbyggður vegur á hluta þessrara leiðar, verði að lágmarki fimm daga í viku.
- Mokstur á Dynjandisheiði verði alla daga ársins sem er rökrétt framhald af opnun Dýrafjarðargangna í september á þessu ári.
- Mokstur á Reykhólavegi alla daga ársins, en Reykhólar eru nú eini þéttbýlisstaðurinn á Íslandi sem tengdur er stofnvegakerfi, sem ekki er með vetrarþjónustu af þessari tíðni.
- Moksturreglur á Djúpvegi verði óbreyttar, þ.e. daglegur mokstur og þannig tryggt til framtíðar að hægt sé að ferðast um hinn nýja Hringveg 2, sem opnast með Dýrafjarðargöngum og vegagerð um Dynjandisheiði.
- Klettháls, er snjóþungur kafla á Vestfjarðavegi 60 og lokast oft yfir veturinn. Óskað er eftir að gerð verði úttekt á hvernig megi grípa til aðgerða til að minnka snjósöfnun.
- Fylgdarakstur. Vegagerðin hefur á síðustu árum verið að þróa forvirkar aðgerðir í þágu umferðaröryggis að vetrarlagi. Loknum vega er nú beitt í auknu mæli þegar veður og færð eða ofanflóðahætta er fyrir hendi. Aðferðarfræði hefur sannað sig í reynd og gefist vel, sérstaklega gagnvart erlendum ferðamönnum.

Hinsvegar er það ókostur ef viðmið fyrir lokunum vega byggir á lægsta samnefnara, vegi er lokað en hann er sem slíkur fær fjórhjóladrifs bílum. Slíkt skapar óhagræði fyrir þjónustu og atvinnusókn s.s. innan fjölkjarnasveitarfélaga og flutninga á afurðum og eða hráefni.

Ein leið til að bregðast við þessu er að Vegagerðin fái aukið fjármagn til að koma á skipulögðum “Fylgdarakstri”, sem Vegagerðin hefur verið að þróa að norski fyrirmynd. Um er að ræða bílalest þar sem vel búnum bílum er fylgt yfir óveðurssvæði þegar

aðstæður leyfa. Er þá ekið samkvæmt fyrirframgefinni áætlun eða bílum er safnað upp í ákveðin fjölda.

- **Hafnarmál.**

Fjármagn hefur verið sett í Bíldudalshöfn til að mæta hratt vaxandi fiskeldi og í vinnslu kalkþörungs. Mikilvægt að áætlanir hér gangi eftir. Horfa verður einnig til verkefna á Ísafirði í tengslum við stækkun hafnar til að taka við skemmtiferðaskipum, verkefna í Súðavík vegna fyrirætlana um kalkþörungavinnslu. Hafa mætti í huga samþættingu þessara verkefna til að halda inni fjármagni ef hugsanlega verði tafir á öðru hvoru verkefninu. Í Bolungarvík eru framkvæmdir í tengslum við uppbyggingu í sjávarútvegi og öðrum höfnum á Vestfjörðum þarf nauðsynlega að taka á viðhaldi hafnarþilja og endurnýjun hafnarkanta.

Flug.

Aukið fjármagn verði sett til viðhalds á Ísafjarðarflugvelli og Bíldudalsflugvelli.

Við útboð á ríkisstyrktu áætlunarfulgi verði aukið við fjármagn til að fjölga áætlunarferðum á Bíldudalsflugvöll úr 6 í 8, þ.e. daglegt flug auk eins dags með tveimur ferðum. Áætlunarferðum var fækkað sem hluta af sparnaði við hrunið 2008 og er fyrirkomulagið því annkanalegt í því ljósi og ekki síst í ljósi mikillar uppbyggingu atvinnulífs og fjölgun íbúa.

Jarðgangaáætlun

Fjórðungssamband Vestfirðinga lýsir stuðningi við að gerð verði Jarðgangaáætlun og mun síðar á árinu 2020 koma fram með heildstæðar tillögur þess efnis fyrir Vestfirði sem innlegg í þá áætlun. Fjórðungssambandið telur á þessari stundu sé ekki rétt að tilgreina einstök jarðgangverkefni í samgönguáætlun, heldur eigi að skoða slík verkefni í heildarsamhengi.

Að öðru leyti er hér vísað til greinargerðar sem fylgir með umsögn Fjórðungssambands Vestfirðinga til Alþingis um þingsályktunartillögu að samgönguáætlun 2020-2034).

F.h. Fjórðungssambands Vestfirðinga

Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri Vestfjarðastofu